

FÉLAGSSTARFIÐ

HJÁ EINSTÖKUM MÆÐRUM


Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir félagskonur og börn þeirra:

- Útifjör fyrir ungabörn og leikskólabörn
- Eldri barna fjör ætluð grunnskólabörnum
- Fæðingarorlofshittingar
- Hittingar fyrir konur sem eru í ferli
- Fullorðinsfjör
- Fjölskyldudagur
- Útilega
- Jólaball
- Fræðsla um málefni einstakra mæðra og barna þeirra



SAMFÉLAGSMÍÐLAR

Félagskonur fá aðgang að lokaðri Facebook síðu, þar sem viðburðir félagsins eru auglýstir, félagskonur geta leitað ráða, spjallað og deilt áhugaverðum fréttum og tenglum sem tengjast og/eða gagnast félagskonum.



Facebook Like síða:

[https://www.facebook.com/einstakar
maedur](https://www.facebook.com/einstakarmaedur)

Instagram síða:

[instagram.com/einstakarmaedur](https://www.instagram.com/einstakarmaedur)

Vefsíða:

www.einstakarmaedur.is



FÉLAG EINSTAKRA MÆÐRA



UM OKKUR

Einstakar mæður er félag kvenna sem hafa valið að eignast börn upp á eigin spýtur, með tæknifrjóvgun eða í gegnum ættleiðingu, og kvenna sem hafa hafið tæknifrjóvgunar- eða ættleiðingarferli einar síns liðs.

Megin tilgangur félagsins er að standa vörð um réttindi þessara kvenna og barna þeirra. Ennfremur að sinna fræðslustarfi um stöðu og hagsmuni einhleypra kvenna sem eiga börn getin með gjafakynfrumum eða gegnum ættleiðingu .

Einstakar mæður er mikilvægur vettvangur fyrir allar einstakar mæður til að ráða ráðum sínum, deila upplýsingum um sameiginlega reynslu og njóta samvista við aðrar einstakar fjölskyldur

Félagsstarfið



SKRÁNING Í FÉLAGIÐ

FÉLAG EINSTAKRA MÆÐRA

Aðild að félaginu er opin konum sem hafa eignast barn/börn einar síns liðs, getin með gjafakynfrumum við tæknifrjóvgun eða í gegnum ættleiðingu og börn þeirra skráð föðurlaus í þjóðskrá. Að auki konum sem hafa hafið tæknifrjóvgunar- eða ættleiðingarferli einar síns liðs.

Til að skrá sig í félagið og/eða fá nánari upplýsingar þarf að senda póst á:

einstakarmaedur@gmail.com

